

- e. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 5. tölul. a kemur: 3.300 kr.
- f. Í stað fjárhæðarinnar „7.500 kr.“ í 5. tölul. b kemur: 8.300 kr.
- g. Í stað fjárhæðarinnar „37.500 kr.“ í 5. tölul. c kemur: 41.500 kr.

16. gr.

1. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna verður svohljóðandi: Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip sem koma hingað einvörðungu vegna fiskveiða, fraktskip og íslensk fiskiskip sem koma frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipin eiga að fá hér á landi skal greiða 20 kr. af hverju nettótonni skipsins.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „100 kr.“ í 1. mgr. kemur: 150 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 1.100 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „400 kr.“ í 1. tölul. 3. mgr. kemur: 450 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „350 kr.“ í 2. tölul. 3. mgr. kemur: 400 kr.
- e. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 3. tölul. 3. mgr. kemur: 1.100 kr.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Geir H. Haarde.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Samningar aðildarsamtaka vinnumarkaðarins um málsmeðferð í ágreiningsmálum, um hvort laun og ráðningarkjör starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga, skulu hafa sama almenna gildi og samningar þeirra um laun og önnur starfskjör, sbr. 1. gr., með þeim takmörkunum sem í samningunum felast.

Þegar settar eru á fót samráðsnefndir til úrlausnar ágreiningsmála á grundvelli samninga skv. 1. mgr. og atvinnurekandi, sem er málsaðili, á ekki aðild að samtökum atvinnurekenda er honum heimilt að tilnefna einn fulltrúa sem tekur sæti eins fulltrúa samtaka atvinnurekenda í nefndinni. Hið sama gildir um launamann sem er málsaðili og á ekki aðild að stéttarfélagi en fulltrúi hans tekur sæti eins fulltrúa samtaka launafólks í nefndinni. Ákvæði málsaðili að tilnefna fulltrúa skal tilnefningin fara fram fyrir upphaf málsmeðferðar hjá samráðsnefndinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Árni Magnússon.

LÖG

um greiðslur yfir landamæri í evrum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001 frá 19. desember 2001, um greiðslur yfir landamæri í evrum, skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin um greiðslur yfir landamæri í evrum er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerð um greiðslur yfir landamæri í evrum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.